



Alþingi
Erindi nr. P 138/1658
komudagur 8.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. apríl 2010
Tilvísun: 201003-0013

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Ísland er að takast á við mikla efnahagserfiðleika sem að stórum hluta eiga rætur sínar í óskynsamlegum ákvörðunum og/eða andvaraleysi aðila í íslensku efnahagslífi, íslenskra stjórnvalda og hjá íslenskum eftirlitsstofnunum. Orðspor Íslands hefur því beðið hnekki og við sem þjóð höfum glatað trausti. Íslensk heimili líða fyrir þessa stöðu og ekki eru neinar auðveldar leiðir út úr vandanum. Krónan hefur glatað trausti og sama má segja um mat erlendra aðila á getu ríkissjóðs til að standa við erlendar skuldbindingar sínar. Þetta eru vandamál sem erfitt er að takast á við nema með utanaðkomandi aðstoð og því var leitað eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

ASÍ var því fylgjandi því að leitað yrði eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða eins og sagði í ályktun ársfundar ASÍ frá október 2008: „...ASÍ [styður] umsókn stjórnvalda um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í formi lánaþingreiðslu og ráðgjafar um mótun nýrrar efnahagsstefnu til næstu ára, enda verði skilmálar sjóðsins ásættanlegir fyrir þjóðina. Slík aðgerð legði grunn að auknum trúverðugleika Ísland...“

Alþingi samþykkti síðan í desember 2008 tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í athugasemdum með þingsályktuninni segir m.a.: „Í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 ákvað ríkisstjórnin eins og kunnugt er að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslega fyrirreiðslu. Viðræður fulltrúa Íslands og sjóðsins um fyrirkomulag samstarfsins hafa staðið yfir um nokkurt skeið og unnin hefur verið ítarleg efnahagsáætlun með það að markmiði að koma á efnahagslegum stöðugleika að nýju...“

Meginmarkmið efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.“

Alþýðusamband Íslands

Laugavegur 1 • 101 Reykjavík
Sími: 570 9900 • Félagsnúmer: 570 9900
Netfang: as@asid.is • www.asid.is



Við erum enn að takast á við mikinn efnahagsvanda. Til að vinna bug á honum þurfum við m.a að:

- Koma jafnvægi á ríkisfjármálin þannig að standa megi vörð um velferðar- og menntakerfið til framtíðar.
- Tryggja opinberum aðilum aðgang að erlendum lánum til þess að endurfjármagna lán og koma þannig í veg fyrir að gjaldeyrisvaraforðinn klárast á næstu tveimur árum.
- Tryggja aðgang að erlendum lánamörkuðum til að geta fjárfest í frekari verðmætasköpun til framtíðar.
- Efla gjaldeyrisvaraforðann til þess að stuðla að sterkara gengi krónunnar og leggja þannig grunn að því að unnt verði að slaka á gjaldeyrishöftunum og lækka vexti.

Að mati ASÍ verður mun erfiðara að vinna að öllum þessum punktum án aðstoðar AGS. Hætt er við að komi til slita á samstarfinu kalli það á:

- Enn frekari niðurskurð hjá hinu opinbera.
- Opinberir aðilar gætu lent í því að geta ekki staðið við erlendar skuldbindingar sínar.
- Ekkert verið af fjárfestingum í stóriðju eða öðrum orkufrekari iðnaði þar sem ekki verður unnt að fjármagna nauðsynleg orkumannvirki.
- Krónan verði veikari en eila og því verði erfiðar að lækka vexti og slaka á gjaldeyrishöftunum.

Alþýðusamband Íslands telur því að þörfin fyrir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé síst minni í dag en þegar óskað var eftir henni og þau rök sem þá voru færð fyrir fram séu enn í fullu gildi. ASÍ mælir því gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 138/1507
komudagur 7.4.2010



Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2010


Efni: Tillögur til þingsályktana um mótun efnahagsáætlana og úttekt á gjaldmiðilsmálum, 287. og 167. mál.

Með tölvubréfi dags. 10. mars 2010 bárust Bankasýslu ríkisins til umsagnar tvær þingsályktunartillögur, annars vegar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál og hins vegar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Fyrir hönd Bankasýslu ríkisins er þakkað fyrir veitt tækifæri til umsagnar, en ekki gerðar athugasemdir.

Virðingarfyllst,
Bankasýsla ríkisins

Elín Jónsdóttir
forstjóri



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/1295
komudagur 18.3.2010

Reykjavík 15. mars 2010
Tilvísun FLE 13-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðuleika án aðstoðar
Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál

Með tölvupósti dags. 10. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigríður B. Arnþórssón
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 138/1508
komudagur 7.4.2010

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2010

UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 331 – 287. mál. Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna (HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 10. mars 2010.

Lykilorðin í þingsályktunartillögunni eru efnahagsáætlun, velferð og félagslegur stöðugleiki, án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Fjármálaráðherra láti vinna og móta efnahagsáætlun sem tryggir þetta, ásamt aðgerðaáætlun sem fylgt sé eftir. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til að forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs og með liðsinni færustu sérfræðinga tryggður nauðsynlegur trúverðugleiki efnahagsstjórnar landsins. Með áætluninni og nauðsynlegum aðgerðum skuli tryggt að þetta náist á okkar eigin forsendum, án aðstoðar AGS, íslenska hagkerfið geti verið óháð aðstoð hans. Einnig tilgreindar tímasetningar.

HH lýsa stuðningi við þessa þingsályktunartillögu.

Nauðsynlegt er að stórar og mikilvægar ákvarðanir séu teknar á grundvelli allra upplýsinga sem máli skipta, ákvörðunargrundvöllurinn sé eins traustur og mögulegt er. Umræðu- og hvað þá ákvörðunargrundvöllur er á engan hátt nægilega skýr í dag. Því er gagnlegt að greina stöðu og móta áætlun B, að lágmarki til að stjórnvöld og aðrir hafi skýra valkosti í stöðunni. Þegar niðurstaða liggur fyrir um kosti og galla leiðar B ætti að endurmeta hvorri leið skuli fylgt, leið AGS eða eigin áætlun B.

Heimilin hafa ekki frekar en ríkið tækifæri til stefnumótunar og vandaðrar ákvörðunartöku um sína framtíð, eins og staða mála er nú. Þar hamlar endalaus óvissa og óskýr framtíðarsýn.

Eftir að Þjóðhagsstofnun (1974-2002) hvarf af sjónarsviðinu er spurning hvaða vettvangur er fyrir svona vinnu almennt í þjóðfélaginu í dag, hver hefur svona hlutverk almennt? Því er væntanlega full þörf fyrir að fá liðsinni erlendis frá og leiða jafnframt saman færustu sérfræðinga landsins, bæði til samstarfs og þekkingaryfirfærslu.

Það er mjög jákvætt ef hægt er að forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs. Mikið ónotað innlent fjármagn virðist vera til staðar í landinu, í bönkum, Seðlabanka og lífeyrissjóðum sem veitir svigrúm til uppbyggingar. Til að minnka þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé þarf að hraða rannsókn efnahagsbrotamála tengdu hruninu og auka á heimildir til að sækja bætur til ábyrga aðila, svo lækka megi álögur á einstaklinga og fyrirtæki sem fyrst.

Varðandi AGS má að öðru leyti spyrja: – Hvers vegna hefur aðeins sumum fyrirmælum / tilmælum AGS verið fylgt en öðrum ekki? Hvers vegna voru til dæmis stýrivextir hækkaðir í 18% eftir innkomu AGS en hins vegar ekki hlustað á AGS varðandi þörf fyrir almenna leiðréttingu skulda heimilanna, sem AGS hefur lýst yfir að heilmikið svigrúm sé til að gera.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið



Hagstofa Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/1227
komudagur 11.3.2010

11. mars 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál

Hagstofan álitur að efni tillögunnar tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/1506
komudagur 7.4. 2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri, 24. mars 2010

Efni: umsögn um 287. mál, þskj. 331, 138. lþ., tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.


Með tölvubréfi dags. 10. mars 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Tillagan lýtur að því að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að láta vinna efnahagsáætlun sem tryggir velferð og félagslegan stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til að gera íslenskt hagkerfi óháð aðstoð sjóðsins og forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs, aðgerðaáætlun útbúin og henni fylgt eftir. Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu, en minnir á hversu brýnt er ávallt að hafa kynjasjónarmið í huga við alla áætlanagerð.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu



Sigríður Svana Helgdóttir lögfræðingur



LEB

Landssamband eldri borgara

Langhóltsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3546986250
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi

Erindi nr. P 138/1505

komudagur 7.4.2010

Reykjavík 26. Mars 2010

Umsögn um Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari beytingum 288. mál þskj. 332. Umsögn um frumvarp um lífeyrissjóði. Flutt af þingmönnum úr Framsóknarflokki, Samfylkingu og Hreyfingu.

Landssamband eldri borgara telur að auka þurfi lýðræði við stjórnun lífeyrissjóða í landinu. Umrætt frumvarp þingmanna úr þremur flokkum gengur í þá átt. Í dag eru stjórnir lífeyrissjóða í höndum fulltrúa verkalyðshreyfingar og vinnuveitenda, jafnmargra fulltrúa frá hvorum aðila. Frumvarpið kveður á um að launþegar fái meirihluta í stjórnun lífeyrissjóða, 3/5 fulltrúa á móti 2/5 frá vinnuveitendum. Allir sjóðfélagar fái atkvæðisrétt á aðalfundum lífeyrissjóðanna. Þessar tillögur virðast til bóta og mundu auka lýðræði í lífeyrissjóðum.

LEB leggur þó til breytingar á 3. gr a. lið. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. (þar kæmi viðbót) **og sjóðfélagar sem vegna aldurs greiða ekki lengur í sjóðinn en fá úr honum lífeyri.** Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði o.s.frv.

Greinargerð :

Þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn árum saman en eru byrjaðir tóku lífeyris eiga að vera jafn gildir og aðrir sem greitt hafa fyrir síðustu áramót, e.t.v. bara verið eitt ár í sjóðnum. Það er réttlætismál að eldri borgarar hafi eitthvað um það að segja hvernig farið er með fjármuni sjóðsins.

X Hvað varðar mál 167, úttekt á gjaldmiðilsmálum og mál 287 um mótun efnahagsstefnu án alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekur LEB ekki afstöðu og mun því ekki senda umsögn.

Fh. Landssambands eldri borgara

Helgi K. Hjálmsón, formaður

Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1509
komudagur 7.4.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	31. mars 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tvö þingmál. Annars vegar er um að ræða tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál og hins vegar tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur í ljósi lögbundins hlutverks síns ekki eðlilegt að tjá sig um ofangreindar þingsályktunartillögur.

Sumur Arason

Þórunn Gísladóttir

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2010 02-2010030190
T-ums 15/10

Alþingi
Erindi nr. P/38/1237
komudagur 12.3.2010


Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins - 287. mál, þskj. 331.

Ríkisskattstjóri hefur þann 10. mars 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál, þskj. 331.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármálaráðherra að láta vinna efnahagsáætlun sem tryggi velferð og félagslegan stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemd við efni tillögunnar enda fellur efni hennar utan við starfssvið embættisins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1317
komudagur 22.3.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. 3. 2010

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287 mál.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að láta vinna efnahagsáætlun án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til þess að gera íslenskt hagkerfi óháð aðstoð sjóðsins og forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs, aðgerðaáætlun útbúin og henni fylgt eftir. Leitað verði liðsinnis færustu erlendra sérfræðinga á sviði hagvísinda við mótun og framkvæmd áætlunarinnar til að tryggja þann trúverðugleika efnahagsstjórnar landsins sem er nauðsynlegur.

Meginmarkmið efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar, að styrkja stöðu ríkissjóðs og loks að endurreisa bankakerfið. Samstarfið felur í sér 2 milljarða Bandaríkjadala lánveitingu frá sjóðnum og 3 milljarða Bandaríkjadala lánum frá nágrannaþjóðum.

Það markmið að endurvekja traust á íslenskum efnahag hefur ekki náðst enn eins og fram kemur í háu skuldatryggingarálagi og lágu lánshæfismati landsins. Eðlilegt samband ríkissjóðs, fjármálfyrirtækja eða annarra fyrirtækja við erlenda fjármálamarkaði hefur ekki komist á og virðist nokkuð í land að það takist. Samstarfið við AGS er hins vegar mikilvægur þáttur í því að slíkt traust skapist á næstunni.

Áætlunin í ríkisfjármálunum miðar að því að jafnvægi komist á ríkisfjármálin 2012 þannig að skuldasöfnun ríkissjóðs stöðvist og að afgangur verði á rekstrinum 2013 þannig að niðurgreiðsla skulda hefjist. Þetta er lykilatriði fyrir traust á efnahag landsins og forsenda fyrir bættu lánshæfismati og hagkvæmari lánskjörum ríkissjóðs og fyrirtækja sem stuðla mun að endurreisn og uppbyggingu í atvinnulífinu.

Endurreisn bankakerfisins má segja að sé lokið þótt það muni án efa taka miklum breytingum á komandi árum með hagkvæmni að leiðarljósi.

Samstarfsáætlunin hefur dregist á langinn vegna milliríkjadeilu Íslands annars vegar og Bretlands hins vegar um innistæðutryggingar á Icesave reikningum og hafa lánveitingar sjóðsins og nágrannaþjóða ekki farið fram samkvæmt upphaflegri áætlun. Gjaldeyrishöft Seðlabankans hefur því ekki styrkst eins og áformað var sem dregið hefur úr metnaði bankans við losun gjaldeyrishafta og lækkun vaxta. Þótt gengi krónunnar hafi verið tiltölulega stöðugt undanfarna mánuði þá er það ekki ásættanlegt markmið að festast í núverandi lágenggi. Samtök atvinnulífsins hafa raunar gert verulegar athugasemdir við stefnu bankans varðandi vexti og gjaldeyrishöft og talið stefnu hans allt of varkára og metnaðarlitla. Að mati




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

samtakanna er afar brýnt að afnema gjaldeyrishöftin sem fyrst, samhliða því að bjóða erlendum eigendum skammtímaffjareigna skuldabréf í evrum til langs tíma, því einungis þannig muni gengi krónunnar geta styrkst svo nokkru nemi á nýjan leik. Að öðrum kosti er hætt við að efnahagslífið festist í enn einum verðbólguþrálnum þar sem verðlags- og launavísitölur elta gengisvísitöluna.

Yrði samstarfinu við AGS slitið myndi það skaða traust og trúverðugleika íslenskra stjórnvalda og atvinnulífs og seinka endurreisn íslensks efnahags. Það breytti því ekki að ráðast þyrfti í sársaukafullan niðurskurð í ríkisfjármálum sem án áætlunarinnar yrði án efa enn meiri en ella. Af þeim ástæðum eru Samtök atvinnulífsins andvíg umræddri þingsályktunartillögu og leggjast gegn samþykkt hennar.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/1570
komudagur 7.4.2010

6. apríl 2010
SI-61873

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í tölvuskeyti frá nefndasviði Alþingis sem barst 10. mars sl. er beðið um umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að „skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til að gera íslenskt hagkerfi óháð aðstoð [Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs, aðgerðaáætlun útbúin og henni fylgt eftir. Leitað verði liðsinnis færustu erlendra sérfræðinga á sviði hagvísinda við mótun og framkvæmd áætlunarinnar til að tryggja þann trúverðugleika efnahagsstjórnar landsins sem er nauðsynlegur.“

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að flutningsmenn frumvarpsins telja efnahagsstefnu stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins of harkalega og að hún dýpki kreppuna í stað þess að milda hana. Þeir boða því efnahagsstefnu sem felur í sér minna aðhald í ríkisfjármálum.

Seðlabankinn er ekki sammála því mati á stöðu efnahagsmála sem fram kemur í frumvarpinu. Gagnstætt flutningsmönnum tillögunnar telur Seðlabankinn að efnahagsáætlun án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins krefjist harkalegri aðgerða í ríkisfjármálum en felst í þeirri efnahagsáætlun sem nú liggur fyrir, þ.e.a.s. eigi hún að ná því markmiði að endurheimta traust á ríkissjóð og íslenskt efnahagslíf á alþjóðlegum yttvangi. Ljóst er að án fjármagns frá sjóðnum og stuðningslöndum efnahagsáætlunarinnar þyrfti ríkissjóður fyrr en ella að afla lánsfjár á alþjóðlegum mörkuðum vegna umtalsverðrar endurfjármögnunar ríkisskulda á næstu tveimur árum, enda yrði hættulega lítill gjaldeyrisforði til staðar ef verja þarf honum

öllum til þess að greiða upp lánin. Við núverandi aðstæður yrði það fjármagn sem Ísland gæti hugsanlega aflað mun dýrara en lán sem landið hefur fengið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og stuðningsríkjunum.

Vegið meðalvaxtaálag á umsömdum erlendum lánnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum er 2,7 prósentur ofan á viðkomandi grunnvexti. Alls nemur heildarupphæð fyrrnefndra lána tæplega 3,4 milljörðum evra. Fyrir hverja prósentu hækkun á áhættuálagi ofan á grunnvexti ykist árlegur vaxtakostnaður ríkisins því um 34 milljónir evra eða um 5,8 milljarða króna. Skuldatryggar á fimm ára ríkisskuldabréf í evrum hefur frá áramótum kostað að meðalatali um 5,4% af nafnvirði bréfanna. Ef íslenska ríkinu tækist að gefa út á kjörum sem endurspegluðu það, en það er allsendis óvíst, þýddi það hækkun vaxtaálags um 2,7 prósentur. Það hefði í för með sér að árlegur vaxtakostnaður af erlendum lánnum ríkissjóð ykist um 91 milljón evra eða um 15,7 milljarða króna. Sú upphæð samsvarar um 1% af vergri landsframleiðslu ársins 2009.

Áhættuálagið endurspeglar mat á stöðu ríkissjóðs á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þar ríkir enn sem komið er lítið traust á getu Íslands til þess að ná tókum á sínum ríkisfjármálum í kjölfar fjármálakreppunnar, en hún hefur leitt til mikils halla á rekstri ríkissjóðs. Álagið endurspeglar einnig umtalsverða endurfjármögnunaráhættu árána 2011 og 2012. Eigi viðunandi kjör að nást við endurfjármögnun þessara lána er mikilvægt að hafa trygga fjármögnun í bakhöndina, án þess að gengið sé óhóflega á gjaldeyrisforða landsins. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að áhættuálagið skýrist að hluta til af þeirri óvissu sem ríkt hefur um framvindu áætlunarinnar, meðal annars vegna Icesave-deilunnar. Þegar óvissan hefur aukist, hefur áhættuálagið gert það einnig, væntanlega vegna þess að tafir eru taldar auka líkur á því að Ísland geti ekki staðið við skuldbindingar sínar árin 2011 og 2012. Því yrði að huga að öðrum jafnhagstæðum lántökukostum ef sú stefna yrði ofan á að hverfa frá samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í versta falli, ef slík áætlun yrði að veruleika án þess að önnur fjármögnun sé fyrir hendi, gæti ríkissjóður þurft að greiða enn hærra áhættuálag.

Aðhaldsminni ríkisfjármálastefna hefði einnig í för með sér að ríkissjóðir þyrfti að sækja í meira mæli á innlendan lánamarkað. Að öðru óbreyttu hefði það í för með sér aukinn þrýsting á innlent vaxtastig, því samkeppni ríkissjóð við einkageirann um innlendan sparnað ykist. Skorti á erlendu lánsfé yrði því að mæta með auknum innlendum fjársparnaði, sem verður einungis framkallaður með minni einkaneyslu og fjárfestingu innlendra aðila. Hættan af aðhaldsminni ríkisfjármálastefnu felst einnig í því að sjálfbærni skulda ríkissjóðs

yrði stefnt í hættu. Það gæti leitt til aukinnar verðbólgu, lækkunar gengis og hækkunar vaxta.

Eitt af meginmarkmiðum efnahagsáætlunarinnar sem mótuð er í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er að endurreisa alþjóðlegt traust á fjárhagslegum burðum ríkissjóðs, hvort heldur til skamms tíma eða langs. Þau kjör sem ríkissjóður mun njóta á alþjóðlegum mörkuðum setja viðmið fyrir vexti sem fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki þurfa að greiða af nýjum erlendum lánum. Þau hafa því almenn áhrif á vexti lána til íslenskra atvinnufyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum, hvort heldur beinna eða fyrir milligöngu innlendra banka. Forsenda kröftugs efnahagsbata er aukinn útflutningur, sem ekki getur orðið nema með aukinni fjárfestingu í gjaldeyrisskapandi atvinnustarfsemi. Það tefur verulega fyrir slíkri fjárfestingu, og þar með efnahagsbatanum, að útflutningsfyrirtæki hafi ekki aðgang að erlendu lánsfé.

Traust á íslenskum ríkisfjármálum er því afar mikilvæg forsenda þess að öflugur efnahagsbati komist á skrið. Efnahagsáætlunin miðar af því að endurreisa traustið með þrennum hætti: Í fyrsta lagi með því að sýna fram á aðgang landsins að traustri endurfjármögnun lána árin 2011 og 2012. Í öðru lagi með því að taka ríkisfjármálin svo traustum tókum að erlendir lánardrottnar sannfærist um að skuldastaða hins opinbera sé viðráðanleg og að skuldir ríkissjóðs muni fara ört lækkandi eftir tímabundna hækkun í kjölfar fjármálahrunsins. Í þriðja lagi felur samvinnan við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í sér ákveðna vottun um að efnahagsstefnan sé fullnægjandi miðað við ofangreind markmið. Þáttur þeirrar vottunar er viðurkenning á því að endurreisn bankakerfisins og uppgjör gömlu bankanna fari fram eftir alþjóðlega viðurkenndum leikreglum. Sú viðurkenning er einnig líkleg til að greiða götu innlendra banka og fyrirtækja að erlendum lánsfjármörkuðum.

Þótt liðsinni „erlendra sérfræðinga á sviði hagvísinda við mótun og framkvæmd áætlunarinnar“ gætu hugsanlega gefið áætluninni trúverðugleika er vandséð að einhverjir þeir sérfræðingar séu til sem geti gegnt því hlutverki sem sjóðurinn gegnir við að skapa nægan trúverðugleika til þess að ryðja brautina fyrir aðra fjármögnun. Ríkisstjórnir og fjárfestar um allan heim horfa til samþykkis Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar þær leggja mat á hvort óhætt sé að veita tilteknum löndum fjárhagslegan stuðning í formi lánveitingar. Í öllu falli er líklegt að færir sérfræðingar sem gætu gefið slík ráð og njóta viðlíka trausts og sjóðurinn myndu leggja til efnahagsstefnu sem er mjög svipuð þeirri sem nú er unnið að. Einnig þarf að hafa í huga að samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn tryggir aðgang íslenskra stjórnvalda að víðtæku neti sérfræðinga sem hafa mikla reynslu af

endurskipulagningu og efnahagslegri endurreisn í kjölfar banka- og gjaldeyriskreppa.

Auðvitað má einnig hugsa sér að byggja upp traust á ríkissjóði Íslands og innlendu efnahagslífi án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það myndi hins vegar krefjast enn aðhaldssamari stefnu í ríkisfjármálum en nú er fylgt, gagnstætt því sem flutningsmenn virðast gera sé í hugarlund. Það myndi síðan hafa í för með sér að innlend eftirspurn yrði um hríð minni en ella sem myndi seinka og veikja væntanlega uppsveiflu. Að beita ríkisfjármálum þannig að þau mildi samdrátt eru forréttindi landa sem búa við nægilegt traust á fjármálamörkuð til þess að geta fjármagnað halla og safnað tímabundið nokkrum skuldum án þess að áhættuálag vaxta hækki að því marki að sjálfbærni skulda sé teflt í tvísýnu. Ísland nýtur ekki þeirra forréttinda sem stendur. Með enn aðhaldsamari stefnu mætti hins vegar minnka hættu á að traust á getu ríkissjóðs til þess að standa undir skuldum þverri þrátt fyrir minni aðgang að erlendu fjármagni.

Aðhaldssamari stefna í ríkisfjármálum myndi jafnframt stuðla að meiri viðskiptafgangi. Yrði tillaga flutningsmanna að veruleika er líklegt að Seðlabankinn þyrfti fljótlega að hefja umtalsverð gjaldeyriskaup til að tryggja fullnustu alþjóðlegra skuldbindinga. Það myndi leiða til þess að gengi krónunnar yrði lægra en ella, verðbólga myndi hjaðna hægar og einkaneysla yrði minni en ella. Það myndi á hinn bóginn ýta undir afgang á viðskiptum við útlönd og auka þannig hreinar gjaldeyriskjör þjóðarbúsins sem hægt væri að nota til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þessi efnahagsstefna er framkvæmanleg, að því marki sem hún myndi ekki hafa í för með sér verulegan félagslegan og stjórnmálalegan óróa, en yrði erfiðari fyrir einstaklinga og fyrirtæki, a.m.k. til skamms tíma lítið.


Áhættusamt væri að afnema gjaldeyrishöftin við þessar aðstæður. Þau gætu því þurft að vera til staðar í töluvert lengri tíma en áður var vonast til. Það gæti hins vegar haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Gjaldyrishöftin eru brot á EES-samningnum og fleiri alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að m.a. aðildarsamningi að OECD, sem hefur verið látið óátalið, vegna þess að þau eru af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum talin nauðsynleg forsenda endurreisnar efnahagslífsins, ekki síst í ljósi þess hve efnahagur heimila og fyrirtækja er berskjaldaður fyrir frekari gengislækkun. Með því að samþykkja efnahagsáætlunina í stjórn sjóðsins hafa aðildarlönd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þar með einnig EES/ESB og OECD samþykkt þetta frávik með óbeinum hætti. Án atbeina Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gæti EES-samningurinn og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist því komist í uppnám. Þetta eru áhættuþættir sem þyrfti að vega og meta áður en

farið yrðu út á þá braut að semja nýja efnahagsáætlun án atbeina Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Sé ekki vilji til þess að tefla alþjóðlegum samningum í tvísýnu yrði afnám haftanna að vera þáttur hinnar nýju efnahagsstefnu. Við núverandi skilyrði gæti það haft tímabundna viðbótar gengislækkun í för með sér. Hve mikil og hve varanleg sú hækkun yrði veltur á því hve trúverðug efnahagsstefnan yrði að öðru leyti, hvaða gjaldeyrisforði væri til staðar til að draga úr gengissveiflum og hvaða aðstæður yrðu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum þegar þangað yrði leitað. Reynslan frá öðrum löndum er sú að raungengi er yfirleitt lengi að hækka á ný eftir mikla lækkun í kjölfar gjaldeyriskreppu. Því er ljóst að einnig þessi þáttur hinnar nýju efnahagsstefnu gæti reynt á félagslegan og pólitískan stöðugleika, sem er áhættuþáttur sem ekki má vanmeta. Félagslegur og pólitískur stöðugleiki hefur verið ein af meginforsendum tiltölulega hagstæðrar lánshæfiseinkunnar sem ríkissjóður Íslands hefur notið undanfarna áratugi. Eigi að móta nýja efnahagsstefnu sem byggir ekki á aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er því mikilvægt að sem víðtækust samstaða skapist um efnahagsáætlunina, og að öllum séu ljósar þær skammtímafórnir sem þarf að færa til þess að hún gangi eftir.


Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Már Guðmundsson

seðlabankastjóri



Þórarinn G. Pétursson

aðalhogfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (287. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu, sem kveður á um að fjármálaráðherra verði falið að vinna efnahagsáætlun sem tryggi velferð og félagslegan stöðugleika án aðstoðar AGS.

Að mati Viðskiptaráðs Íslands verður sá vandi sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar aðeins leystur í samstarfi við alþjóðasamfélagið, enda sýnir sagan og þar af reynsla Íslendinga að slíkt samstarf er forsenda farsællar endurreisnar þjóða sem lent hafa í alvarlegum efnahagsáfallum. Markvisst samstarf við erlenda aðila er auk þessa forsenda þess að Ísland verði viðurkennt sem trúverðugt og áreiðanlegt aflu á vettvangi alþjóðlegra viðskipta í framtíðinni. Að sama skapi er ljóst að kostir sem takmarka eða útiloka slíkt samstarf munu leiða til efnahagslegrar einangrunar með tilheyrandi stöðnun og velferðartapi – skilyrði samstarfsþjóða fyrir aðstoð og takmarkaðar úrlausnir mikilvægra mála renna stoðum undir þá afleitu framtíðarsýn.

Í þessu sambandi hefur ráðið, líkt margir aðrir, lagt áherslu á að fylgt verði þeim leiðarvisi um endurreisn efnahagslífsins sem áætlun ríkisstjórnar og AGS felur í sér. Með því að unnið sé skipulega og ötullaga eftir efnahagsáætlun sjóðsins telur ráðið að hagkerfið muni ná jafnvægi fyrr en ella og að skaðinn verði lágmarkaður. Er hér fyrst og fremst um hlutlægt mat ráðsins að ræða á efnistöfum og þeim aðgerðum sem áætlunin felur í sér sem og áberandi skorti á öðrum marktækum leiðum, en ekki á pólitíska þætti máisins hér heima og innan stjórnar sjóðsins sem er vissulega á köflum ólíðandi.

Að því sögðu er þó ljóst að áætlun ríkisstjórnar og AGS er ekki hafin yfir allan vafa og það er eðlilegt að uppi sé málefnanleg og gagnrýnin umræða um væntan ávinning af eftirfylgni, hugsanlegar fórnir og aðrar leiðir. Sú tillaga sem hér er til umsagnar er að mestu í þessum anda, ólíkt þeim ómarkvissa farvegi pólitískra flokkslína sem umræða um efnahagsáætlunina vill oft leitast í þar sem upphrópanir standa efnislegum rökstuðningi framar. Undirritaður á hins vegar erfitt með að taka undir ýmsa þætti greinargerðar tillögunnar, t.a.m. að tekist hafi að halda efnahagi landsins á floti þrátt fyrir seinkun á endurskoðun sjóðsins og að AGS hafi verið harður húsbóndi. Svigrúm til hægari niðurskurðar opinberra útgjalda og gjaldeyrishöftin sýna að sjóðurinn skilji vel þær aðstæður sem hér eru uppi. Þá verður ekki horft framhjá því að harður niðurskurður opinberra útgjalda var og er enn óumflýjanlegur, alveg óháð aðkomu sjóðsins. Þá er það vart valkostur fyrir almenning og atvinnulíf að hagkerfinu sé haldið á floti heldur er orðið löngu tímabært að grunnur sé lagður að vexti þess og sjálfbærni til lengri tíma.

Auk þessa þá er það álit undirritaðs að ekki sé rétt að fela fjármálaráðherra þetta verkefni, enda hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að fylgja efnahagsáætlun sjóðsins. Færu stjórnvöld að róa í aðrar áttir, beint eða óbeint, felur það í sér vantraustsyfiriýsingu á samstarfið, alla samstarfsaðila og þá

aðstoð sem fengist hefur hingað til m.a. frá Norðurlöndunum – og er vart á bætandi í þeim efnum. Þvert á móti er þarft að stjórnvöld og stjórnsýslan öll eflist í eftirfylgni og stuðningi við efnahagsáætlunina, í það minnsta á meðan engin önnur raunhæf leið er í sjónmáli.

Frekar væri lag að fela háskólasamfélaginu að vinna fyrir Alþingi úttekt á þeim valkostum sem standa til boða, framkvæmd þeirra, kosti og göllum og þá þeim ábata sem fylgir þeim umfram núverandi áætlun. Komi fleiri en ein trúverðug áætlun til greina eftir raunhæfa skoðun þá hijóta kostir þeirra og gallar að vera vegnir og metnir með hliðsjón af þeirri framtíðarsýn sem ákjósanlegust er fyrir land og þjóð.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs